



Skagi

– nýtt afl á fjármálamarkaði

Skagi, sem er nýtt nafn móðurfélags VÍS, Fossa og SIV, er innblásið af íslenskri náttúru, styrk hennar og samspili við líf fólksins í landinu. Eftir ítarlega leit, þar sem starfsfólk samstæðunnar skilaði inn hátt í þrjú hundruð tillögum, fannst nafn sem stóðst allar kröfur.

Nafn Skaga vísar í stórt nes eða langan höfða og þykir kröftugt en er á sama tíma stutt og hljómfagurt. Hinir ýmsu skagar landsins teygja sig tignarlega frá meginlandinu með fallegu útsýni yfir land og sjó. Tröllaskagi, Skipaskagi, Tindaskagi, Garðskagi og Skagatá - skaga er að finna í öllum landshlutum. Nafnið er viðeigandi fyrir fyrirtæki með djúpar rætur í íslensku samfélagi líkt og tryggingafélagið en nafnið vísar í einnig í markmið félagsins að tengja íslenskt atvinnulíf við erlenda markaði.

Skagi er öflugt fyrirtæki á fjármálamarkaði sem stefnir á arðbæran vöxt á sviði trygginga, fjárfestingarbankastarfsemi og eignastýringar. Samstæðan býr að langri og farsælli sögu í tryggingarekstri, framsækni í fjármálaþjónustu og langtímaárangri í fjárfestingum.

Útlit Skaga er stílhreint og fágað. Rík áhersla er lögð á skýra framsetningu upplýsinga. Sígilt litaval ítrekar áherslur á stöðugleika og traust í bland við framsýni og nýsköpun.

Tillaga að nafnabreytingu Vátryggingafélags Íslands í Skagi hf. er lögð fyrir hluthafafund félagsins þann 21. mars nk. Nafnabreyting er með fyrirvara um samþykki hluthafa.

